

Tölur úr bókfræðigrunni Gagnis

Greinargerð um söfnun og úrvinnslu
tölulegra upplýsinga til ársloka 2009

Hildur Gunnlaugsdóttir
Sigrún Hauksdóttir

Mars 2010

Efnisyfirlit

Inngangur	bls. 2
Nokkrar myndir með skýringum	bls. 3
Aðferðafræði	bls. 9
Töflur	bls. 13

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir viðbótum í bókfræðigrunni Gegnis árið 2009. Sumarið 2009 birtu undirritaðar greinargerð um fyrsta áfanga öflunar tölulegra upplýsinga fyrir bókfræðigrunn Gegnis. Þá voru birtar tölur fyrir árin 2007 og 2008 ásamt heildartölum fram til loka ársins 2006. Nú birtist viðbót fyrir 2009 og byggist hún að mestu á sömu aðferðum. Sem fyrr lýtur þessi fyrsti áfangi að því að ná heildarupplýsingum um skráningu í bókfræðigrunninn án tillits til framlags einstakra aðildarsafna. Upplýsingarnar sem hér eru birtar taka til skráðra bókfræðifærslna árin 2007, 2008 og 2009, þ.e. árlegra viðbóta óháð útgáfuári gagnanna sem skráð eru. Upplýsingar um stöðu bókfræðigrunnins í árslok 2006 eru í greinargerðinni sem kom út í júlí 2009.

Samanburður á tölum úr bókfræðigrunni Gegnis er varasamur á milli ára. Það á bæði við um heildarfjölda bókfræðifærslna og viðbætur. Ástæða þessa er að bókfræðigrunnurinn er breytilegur frá einum tíma til annars þar sem stöðugt er verið að bæta við færslum, sameina færslur og einnig þarf að grisja grunninn. Töluverður hluti af skráðum færslum er óvirkur af þessum sökum. Þetta veldur því að ekki er marktækt að leggja saman tölur á milli ára til þess að sjá heildarstærð grunnins. Nauðsynlegt er því að draga út heildarfjölda bókfræðifærslna á hverjum tíma. Um áramót 2009 / 2010 var heildarfjöldi virkna bókfræðifærslna 947.864.

Tölulegar upplýsingar um bókfræðigrunn Gegnis byggjast að mestu á kóðum í markfærslum. Áreiðanleikinn er þess vegna háður vinnulagi gegnum tíðina. Skráningarráð Gegnis setti reglur um lágmarkskóðun haustið 2004 og byggir ákvörðun um val á kóðum á þeim reglum. (Sjá Handbók skrásetjara Gegnis <http://hask.bok.hi.is/>) Rétt er að taka fram

að fullkomið samræmi í kóðun er ógerlegt í gagnagrunni á borð við bókfræðigrunn Gegnis. Tölurnar eru því í samræmi við markfærslurnar í bókfræðigrunninum en skekkjur vegna ónákvæmni, mismunandi vinnulags eða skorts á kóðun liggja milli hluta.

Færsluveiðar hófust á árinu 2009 úr fjórum nýjum grunnum auk hefðbundinna færsluveiða úr OCLC. Við bættust veiðar úr Library of Congress í Bandaríkjunum, Linda sem er samskrá finnskra háskóla- og rannsóknarbókasafna, Libris sem er samskrá sænskra bóksafna og BIBSYS sem er samskrá norskra háskóla- og rannsóknarbókasafna. Alls voru fluttar 2.976 færslur úr þessum grunnum. Þetta var mögulegt með aðstoð Z39.50 samskiptastaðalsins. Landskerfi bóksafna kom upp þessari tengingu sem einnig gerir kleift að sækja bókfræðifærslur í aðrar bókasafnaskrár. Færslur veiddar úr OCLC voru á árinu 4.671 sem er 56% fækkun frá fyrra ári.

Hér að framan er dregið á mislangan líftíma færslna. Færslunúmer í bókfræðigrunninum eru fleiri en fram kemur í tölfræðigögnunum. Í árslok 2009 var hæsta færslunúmer 1.129.610, hins vegar voru virkar færslur 947.864. Mismunurinn, 181.746 færslur, eru óvirkar færslur, þ.e. færslur sem hefur verið eytt úr kerfinu en númerin hanga óvirk inni. Færslum er eytt þegar gögn eru afskrifuð og stundum þarf að eyða færslum vegna mistaka við skráningu. Stærstur hluti þessarar tölu er þó vegna þess að færslur fyrir tvískráð efni hafa verið sameinaðar, ýmist vélvirkt eða handvirkt. Búið er að eyða 16% af öllum færslum sem hafa verið vistaðar í kerfið.

Í þessari skýrslu er birt myndræn úrvinnsla á hluta af þeim tölulegu gögnum sem safnað var, auk nokkurra skýringa með myndunum.

Skráning bókfræðiupplýsinga í Gegni, þ.e aðföng aðildarsafnanna, speglar tímamann og má lesa þætti í þróun samfélagsins út úr þessum gögnum, t.d. varðandi tungumál. Ljóst er að aðföng á ensku hafa aukist mjög síðustu árin á kostnað annarra tungumála. Einungis þriðjungur þess efnis sem skráð er í Gegni er á íslensku og ætla má að það torveldi stórum notendahópum eins og börnum að nota upplýsingakerfið gegnir.is. Árið 2009 var kreppa á Íslandi sem glögg má sjá í fækkun nýskráninga í kerfið.

Kaflanum um aðferðafræði er ætlað að auðvelda framhald þessarar vinnu. Þar eru verklýsingar vegna árlegrar öflunar tölfræðigagna í framtíðinni. Í síðasta hluta greinargerðarinnar eru Excel-skjöl með umræddum tölum. Þau eru sett þannig fram að beint liggur við að bæta þar við tölum næsta árs.


Greinargerðinni er ætlað að bregða ljósi á tölfræðiverkefnið, verklag og afrakstur. Hún er fyrst og fremst sett fram með hliðsjón af þörfum þeirra sem verkið vinna en nýtist öðrum vonandi til skilnings á viðfangsefninu.

Nokkrar myndir með úrvinnslu og skýringum


Í þessum kafla eru dregnar fram áhugaverðar upplýsingar úr tölfræðigögnunum.

Á fyrstu myndinni er sýnd hlutfallsleg árleg viðbót skráninga í kerfið fyrir árin 2007, 2008 og 2009, óháð útgáfuári gagnanna. Næsta mynd sýnir hlutfall gagna í Gegni sem gefin eru út á Íslandi á móti því sem gefið er út erlendis. Greining eftir útgáfuformi, notendahópi, tungumáli og bókmenntaformi er sýnd frá tveimur sjónarhornum til samanburðar, báðar myndirnar birtast á sömu blaðsíðu. Annars vegar er greind viðbót síðasta árs, þ.e. færslur sem bættust í bókfræðigrunninn á árinu 2009 og hins vegar er bókfræðigrunnur Gagnis í heild, virkar færslur í árslok 2009.


Í Excel-töflunum aftast í skjalinu eru ítarlegri tölur um sama efni og auk þess tölur um söfnunarefni þjóðdeildar Landsbókasafns, bókmenntaform, ævisögulegt efni, útgáfuland og færsluflutning úr OCLC og fleiri bókasafnsgrunnum.




Árið 2009 bættust 41.266 færslur í bókfræðigrunninn. Árið 2008 bættust við 50.667 færslur og 2007 var viðbótin 47.784 færslur. Í árslok 2009 voru virkar færslur 947.864.



Rífliga þriðjungur af gögnunum í Gegni er gefinn út hérlendis. Þrátt fyrir öfluga útgáfustarfsemi er lítið málsamfélag háð erlendum aðföngum. Í árslok 2009 voru færslur fyrir erlend gögn 610.275 en færslur fyrir íslensk gögn voru 337.598.




Viðbót ársins 2009 skipt eftir útgáfuformi. Útgáfuformið „Bækur“ inniheldur hér allar „mónógrafiur“ aðrar en námsritgerðir frá íslenskum háskólum, þ. e. skýrslur, rafrænar bækur og doktorsritgerðir auk bóka í algengasta skilningi þess orðs. „Greinar og bókarkaflar“ eru tímaritsgreinar og stakir kaflar í bókum. Undir „Annað“ falla tímarit, hljóðbækur, kort, handrit, tölvugögn og tæki.



Þegar þessar tvær myndir eru bornar saman sést aukið hlutfall námsritgerða í árlegu viðbótinni. Nálægt 10% af heildarfjölda námsritgerða var skráð 2009. Þetta skýrist af fjölgun nemenda og fjölgun háskóla.


Hlutfall færslna fyrir tímaritsgreinar, bókarkafla og stök hljóðrituð lög fer minnkandi. Tvær skýringartilgátur eru að minnkandi mannaflí komi niður á skráningu á efni sem engin eintök eru tengd við og að mikið sé um að eldra efni af þessum toga sé ennþá tvískráð – hafi verið skráð bæði í gamla Gegni og Feng.



Kennslufni grunn- og framhaldsskóla fellur hér undir efni fyrir börn og unglinga.


Undir „Annað“ – sem er 16% – falla færslur fyrir efni sem ekki er í boði að kóða fyrir tiltekinn notendahóp, t.d. kort og tímarit. Einnig færslur sem ekki hafa verið kóðaðar fyrir notendahóp samkvæmt reglum skráningarráðs um lágmarkskóðun.

Árið 2009 voru 84% af skráðum færslum kóðaðar fyrir notendahóp samkvæmt reglum skráningarráðs um lágmarkskóðun.



Samkvæmt þessari mynd eru 36% af færslum í grunninum kóðaðar fyrir fullorðna annars vegar og börn og unglinga hins vegar. Af heildarfjöldanum til 2009 er hlutfall barna- og unglingaefnis 4% á móti 6% fyrir árið 2009 á myndinni á undan.


Reglur skráningarráðs um lágmarkskóðun voru settar síðla árs 2004. Það sem skráð var í Gegni fyrir þann tíma var að einhverju leyti kóða nákvæmar en reglurnar segja til um og fellur þess vegna undir „Annað“ – t.d. fræðilegt efni og almennt efni (þ.e. ætlað bæði börnum og fullorðnum).



Hér einskorðast tölurnar við bækur, bókarkafla, tímaritsgreinar og hljóðbækur. Þetta eru rúmlega 30 þúsund færslur, þ.e. 77% af því sem bætist grunninn á árinu.

Undir skáldverk falla hér skáldsögur, teiknimyndasögur, ljóð, leikrit, smásögur o.s.frv. Hér er færslum fyrir þessi bókmenntaform smalað saman – ríflega helmingur af því er skáldsögur.


Árið 2009 voru 98% af færslum fyrir bækur, bókarkafla, tímaritsgreinar og hljóðbækur kóðaðar samkvæmt reglum skráningarráðs. Árið 2008 var þetta hlutfall 95%.



Hér má sjá breyttar áherslur í skráningu. Þegar þessar tvær myndir eru bornar saman sést glögg að færslur fyrir eldra efni eru síður kóðaðar samkvæmt bókmenntaformi en nýjar færslur.

Í heild eru 41% af bókræðifærslum sem falla undir útgáfuformin bækur, bókarkafla, tímaritsgreinar og hljóðbækur kóðaðar eftir bókmenntaformi.


Undir „Annað“ fellur efni sem ekki er kóðað.



Tungumálagreiningin er bundin við eitt tungumál fyrir hvert rit / gagn. Ef fleiri en eitt tungumál hafa jafnt vægi fellur færslan undir „Annað“. Sé hins vegar eitt tungumál af mörgum greint sem aðaltungumál fellur færslan undir það tungumál.

Undir „Annað“ falla gögn á öðrum tungumálum en hér eru talin ásamt gögnum þar sem tungumál er ekki skilgreint (t.d. hljóðritaður hljóðfæraleikur).

Færslur fyrir gögn á íslensku eru 28% árið 2009 og færslur fyrir gögn á ensku 44%.



Í heildina eru gögn á ensku 39%, en árið 2009 voru gögn á ensku sem bættust við bókræðigrunninn 44% eins og fram kemur á myndinni til vinstri.

Í heildina er íslenska með 33%, þriðjung af gögnum í kerfinu, en árið 2009 var íslenska með 28%. Norðurlandamál eru 14% hér og láta þau undan síga. Á myndinni á undan sést að 8% færslna árið 2009 voru fyrir gögn á Norðurlandamálum, þ.e. dönsku, norsku, sænsku, finnsku og færeysku.

Aðferðafræði

Inngangur

Við söfnun tölulegra upplýsinga úr bókfræðigrunni Gegnis voru í meginráttum notaðar tvær aðferðir. Í fyrsta lagi var notuð keyrslan *ret_01* í skráningarþætti biðlarans. Þessi keyrsla tekur til bókfræðiformats og upplýsinga úr marksviðum öðrum en stýri- og kóðasviðum. Í öðru lagi var notaður hugbúnaðurinn *SQL Developer* sem sendir *SQL* fyrirspurnir í afmörkuð svið í gagnagrunninum.

1. Keyrslur, *retrieve cataloging records (ret_01)*

Fyrsta skrefið var að finna fjölda virkra færslna og var það gert með keyrslunni *retrieve cataloging records (ret_01)* undir aðgerðinni *Keyrslur* í skráningarþætti Gegnis, sjá dæmi.

Dæmi, virkar færslur fyrir ákveðið ár:

Output file = virkar_XXXX
From document = fyrsta færsla ársins
To document = seinasta færsla ársins
Tag = FMT##
Boolean operator = NOT
Tag = DEL##

Niðurstaðan er skrá (*virkar_XXXX*) sem inniheldur einungis virkar færslur skráðar á árinu, þ.e. búið er að undanskilja færslur sem hefur verið eytt. Þessi grunnur gefur bæði fjölda færslna og grunnmengi til að vinna með áfram.

Skráin (*virkar_XXXX*) var notuð til þess að sundurgreina færslur eftir bókfræðiformati (FMT) og upplýsingum sem dregnar eru úr sviðum 039, 245 og 856 (sjá dálkinn „Forsendur“ í Excel töflunum).

Dæmi, færslur fyrir tímaritsgreinar skráðar á árinu:

Input file = virkar_XXXX
Output file = gr_XXXX
Tag = FMT##
From text = gr
To text = gr

Dæmi, færslur fyrir efni sem einungis er birt rafrænt:

Input file = virkar_XXXX
Output file = bara_rafraent_XXXX
Tag = 245
Subfield = h
From text = rafrænt
To text = rafrænt

2. SQL fyrirspurnir

Forsenda fyrir SQL fyrirspurnum er að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar séu til staðar í *Z13* gagnagrunns-töflunni en *Z13* taflan inniheldur bókfræðifærslur með lágmarks upplýsingum. Þessi svið eru útgáfuár, höfundur, titill, útgáfa og ISBN/ISSN númer, sjá eftirfarandi skilgreiningar:

YEAR	008
AUTHOR	1#####
TITLE	245##
IMPRINT	260##
ISBN o. fl.	02###

Einnig er hægt að skilgreina fimm breytileg (user-defined) svið.

Stýritaflan *tab_22*

Í stýritöflu, *tab_22* (staðsett undir *exlibris/aleph/u18_1/ice01/tab*) eru breytilegu sviðin skilgreind. Ekki er nóg að skilgreina sviðin í *tab_22* heldur er nauðsynlegt að byggja upp *Z13* gagnagrunnstöfluna með upplýsingum frá *tab_22*. Það er gert með keyrslunni *p_manage_05* sem finnst undir „Keyrslum“ í skráningarþætti. Keyrslan *p_manage_05* læsir bókfræðigrunninum, ICE01, í u.þ.b. 6 klst. á meðan verið er að byggja upp *Z13* töfluna, svo nauðsynlegt er að framkvæma keyrsluna að nóttu til. Athugið að hægt er að breyta innihaldi *Z13* töflunnar svo nauðsynlegt er að yfirfara skilgreiningar í *tab_22* í hvert sinn áður en árleg bókfræðitölfræði er unnin.

Vegna tölfræðinnar voru fjögur svið skilgreind:

- USER-DEF-1** = FMT er form bókfræðifærslu (BIB format)
- USER-DEF-2** = LDR er stýrisvið til að draga út efnistegund (type of record), t.d. nótur, eða tegund færslu (bibliographic level), t.d. greinifærslur
- USER-DEF-3** = 008 er svið til að draga út mismunandi upplýsingar eins og landakóða, bókmenntaform o.fl.
- USER-DEF-4** = SYS er kerfisnúmer bókfræðifærslu

Í SQL fyrirspurn byrjar texti úr kóðasviðum einu sæti aftar en sætistala í MARC-sniði segir til um.

Kerfisnúmer

SQL fyrirspurnir eru notaðar til þess að vinna úr upplýsingum í kóða- og stýrisviðum. *SQL* fyrirspurnirnar byggjast á að afmarka grunnmengið með fyrsta og síðasta færslunúmeri. Athugið að skráin *virkar_xxxx* er ekki notuð sem *input-skrá* eins og

Kerfisnúmer

SQL fyrirspurnir eru notaðar til þess að vinna úr upplýsingum í kóða- og stýrisviðum. *SQL* fyrirspurnirnar byggjast á að afmarka grunnmengið með fyrsta og síðasta færslunúmeri. Athugið að skráin *virkar_xxxx* er ekki notuð sem *input-skrá* eins og þegar *ret_01* keyrslan er notuð. Eyddar færslur sem eru skilgreindar með *Z13_USER_DEFINED_3 IS NULL*, þ.e.a.s. færslur sem ekki innihalda 008 svið eru sniðgengnar. Hér er tafla yfir færslunúmer eftir tímabilum.

Tímabil	Færslunúmer
Til og með 2006	000000000 – 000987565
Árið 2007	000987566 – 001036424
Árið 2008	001036425 – 001087788
Árið 2009	001087789 – 001129610

Keyrsludæmi

Velja má um tvenns konar niðurstöður, fjölda færsla (*SELECT count(*)*) eða lista yfir færslunúmer (*SELECT Z13_REC_KEY, Z13_YEAR*)

Dæmi, greinifærslur tónlistar 2008, listi yfir færslunúmer

Kóðinn LDR, sæti 7 = a

```
SELECT Z13_REC_KEY, Z13_YEAR
FROM ICE01.Z13
WHERE Z13_USER_DEFINED_4 >= '001036425'
AND Z13_USER_DEFINED_4 <= '001087788'
AND Z13_USER_DEFINED_1 = 'MU'
AND Z13_USER_DEFINED_3 IS NOT NULL
AND SUBSTR(Z13_USER_DEFINED_2, 8, 1) = 'a';
```

Dæmi, skáldsögur til og með 2006, fjöldi færslna

Kóðinn 008, sæti 33 = f

```
SELECT count(*)
FROM ICE01.Z13
WHERE Z13_USER_DEFINED_4 >= '000000000'
AND Z13_USER_DEFINED_4 <= '000987565'
AND Z13_USER_DEFINED_1 = 'BK'
AND Z13_USER_DEFINED_3 IS NOT NULL
AND SUBSTR(Z13_USER_DEFINED_3, 34, 1) = 'f';
```

Útgáfuland getur verið tveggja eða þriggja stafa kóði

Flest útgáfulönd eru með tveggja stafa kóða, t.d. Ísland. Samlagsríki eins og Bandaríki Norður-Ameríku er dæmi um svæði með þriggja stafa kóða fyrir útgáfuland / þrengri svæði (fylki). Gildið xx í 008, sæti 15-16 virkar til þess að safna saman þessum mismunandi kóðum. Kóðinn í sæti 17 í markinu (18 í SQL) er notaður.

Dæmi, útgáfuland Ísland 2007, listi yfir færslunúmer

Tveggja stafa kóði, útgáfuland Ísland (ic)
Kóðinn 008, sæti 15-16 = ic

```
SELECT Z13_REC_KEY, Z13_YEAR  
FROM ICE01.Z13  
WHERE Z13_USER_DEFINED_4 >= '000987566'  
AND Z13_USER_DEFINED_4 <= '001036424'  
AND Z13_USER_DEFINED_1 = 'BK'  
AND Z13_USER_DEFINED_3 IS NOT NULL  
AND SUBSTR(Z13_USER_DEFINED_3, 16, 2) = 'ic';
```

Dæmi, útgáfuland Bandaríkin 2007, listi yfir færslunúmer

Þriggja stafa kóði, útgáfuland Bandaríkin (xxu)
Kóðinn 008, sæti 17 = u

```
SELECT Z13_REC_KEY, Z13_YEAR  
FROM ICE01.Z13  
WHERE Z13_USER_DEFINED_4 >= '000987566'  
AND Z13_USER_DEFINED_4 <= '001036424'  
AND Z13_USER_DEFINED_1 = 'BK'  
AND Z13_USER_DEFINED_3 IS NOT NULL  
AND SUBSTR(Z13_USER_DEFINED_3, 18, 1) = 'u';
```

Töflur

Tölum úr bókfræðigrunni Gegnis var safnað í Excel töflur. Í töflunum eru mun ítarlegri upplýsingar heldur en þær sem settar eru fram myndrænt.

Töflurnar eru:

1. Útgáfuform ... bls. 14
2. Notendahópar ... bls. 15
3. Bókmenntaform ... bls. 16
4. Ævisögulegt efni ... bls. 17
5. Tungumál ... bls. 18
6. Útgáfuland ... bls. 19
7. Færsluveiðar úr gagnagrunnum ... bls. 20
8. Söfnunarefni þjóðdeildar Lbs-Hbs bls. 20

Tafla 1:
Útgáfuform

Tegund	Forsendur	2009		2008		2007	
		Undirflokkar	Samtals	Undirflokkar	Samtals	Undirflokkar	Samtals
Bækur , þ.e. prentað mál og rafrænn lesanlegur texti nema tímarit og tímaritsgreinar	FMT=BK		28249		34938		35.195
- þar af námsritgerðir	FMT=BK, 039\$e=ri	2535		2266		1520	
- þar af bókarkaflar	FMT=BK, LDR, 07=a	1224		871		964	
Hljóðbækur	FMT=HB		413		459		353
Tímarit	FMT=SE		743		942		740
Tímaritsgreinar	FMT=GR		3350		4313		4.249
Tónlist , hljóðrituð og prentuð	FMT=MU		5616		6510		5.093
- þar af stök verk / lög	FMT=MU, LDR, 07=a	1720		1900		2190	
- þar af nótur	FMT=MU, LDR, 06=c	1388		919		576	
Myndefni , þ.e. hreyfimyndir	FMT=VM		1489		2057		1.868
Handrit	FMT=MA		1264		1195		0
Kort	FMT=MP		27		112	112	88
Samsett gögn , þrjú eða fleiri ytri form	FMT=MX		51		47		78
Tölvugögn	FMT=CF		56		92		119
Tæki	FMT=TK		8		2		1
Samtals			41266		50667		47784
Rafrænt efni							
Einungis birt rafrænt	245\$h= rafrænt	248		558		289	
Prentað og rafræn tenging	856 en ekki 245\$h = rafrænt	3734		4702		5002	
				5260		5291	

Tafla 2:
Notendahópar

		2009				2008				2007			
		41.266 skráðir titlar				50.667 skráðir titlar				47.784 skráðir titlar			
Notendahópar	Forsendur	Alls kóðað	Þar af BK	Þar af MU	Þar af VM	Alls kóðað	Þar af BK	Þar af MU	Þar af VM	Alls kóðað	Þar af BK	Þar af MU	Þar af VM
Smábarnaefni	008, 22 = a	84	84			148	145			76	71		
Barnaefni	008, 22 = b	1568	1366	65	76	2797	2476	149	72	2816	2509	148	79
Kennsluefni grunnskóla	008, 22 = c	231	199			246	242			493	473		
Kennsluefni framhaldsskóla	008, 22 = d	155	146			80	71			226	200		
Unglingaefni	008, 22 = j	363	346			462	452			508	479		
Fullorðinsefni	008, 22 = e	32061	22743	4869	984	39534	28186	6038	1196	37716	27428	4665	1086
Samtals:		34462	24884			43267	31572			41835	31160		

Tafla 3:
Bókmenntaform

Bókmenntaform	Forsendur	2009			2008			2007		
		BK	HB	GR	BK	HB	GR	BK	HB	GR
Skáldverk	008, 33 = 1	597	8	57	1287	10	1	1689	12	0
Teiknimyndasögur	008, 33 = c	568	0	1	997	0	0	993	1	0
Leikrit	008, 33 = d	250	3	4	938	9	2	570	9	1
Skáldsögur	008, 33 = f	4418	157	0	4918	301	25	5020	221	39
Fyndni, ádeila	008, 33 = h	24	2	0	11	3	1	12	0	2
Sendibréf	008, 33 = i	12	0	1	4	0	2	2	0	7
Smásögur	008, 33 = j	200	4	323	123	6	38	180	4	70
Blandað efni / form	008, 33 = m	13	1	0	27	2	0	42	3	0
Ljóð	008, 33 = p	978	6	50	350	6	6	343	5	233
Ræður	008, 33 = s	3	0	0	2	1	0	4	0	13
Annað en skáldverk	008, 33 = 0	20341	216	2793	25567	94	3117	25094	52	1727

Tafla 4:
Ævisögulegt efni

		2009			2008			2007		
Ævisögulegt efni	Forsendur	BK	HB	GR	BK	HB	GR	BK	HB	GR
Sjálfævisögur	008, 34 = a	119	0	0	132	1	0	143	3	5
Ævisögur einstaklinga	008, 34 = b	260	3	57	304	1	37	281	4	64
Æviþættir, ævisagnasöfn	008, 34 = c	42	0	0	42	0	3	53	1	15
Æviágrip, efni með ævisögulegu ívafi	008, 34 = d	133	0	3	131	0	4	213	1	11

Tafla 5:
Tungumál

		2009		2008		2007	
Tungumál	Forsendur	Öll útgáfuform	Bækur (BK)	Öll útgáfuform	Bækur (BK)	Öll útgáfuform	Bækur (BK)
Íslenska	008, 35-37 = ice	11814	6640	12957	7044	13137	6763
Enska	008, 35-37 = eng	18069	14771	24914	20490	23322	20268
Danska	008, 35-37 = dan	1579	1447	1740	1594	1961	1837
Norska	008, 35-37 = nor	828	701	1075	1012	1001	949
Sænska	008, 35-37 = swe	918	775	1180	1018	1353	1261
Finnska	008, 35-37 = fin	76	56	108	98	75	69
Færeyska	008, 35-37 = fao	42	17	21	21	26	25
Þýska	008, 35-37 = ger	1933	1662	1488	1071	2267	1765
Franska	008, 35-37 = fre	491	335	591	388	783	685
Spænska	008, 35-37 = spa	200	155	344	281	381	241
Ítalska	008, 35-37 = ita	166	74	261	86	326	94
Pólska	008, 35-37 = pol	462	453	653	611	190	189
Lettneska	008, 35-37 = lav	11	8	4	4	12	10
Litháíska	008, 35-37 = lit	66	58	18	14	36	36
Eistneska	008, 35-37 = est	14	9	21	15	14	9
Albanska	008, 35-37 = alb	1	0	12	12	0	0
Rússneska	008, 35-37 = rus	183	161	215	162	203	173
Tagalog	008, 35-37 = tgl	0	0	26	25	15	15
Mörg tungumál	008, 35-37 = mul	505	286	584	278	583	316

Tafla 6:
Útgáfuland

		2009		2008		2007	
Útgáfuland	Forsendur	Öll útgáfuform	Bækur (BK)	Öll útgáfuform	Bækur (BK)	Öll útgáfuform	Bækur (BK)
Ísland	008, 15-17 = ic	15297	7419	15905	7682	15277	7685
Danmörk	008, 15-17 = dk	1810	1590	2038	1835	2168	2001
Noregur	008, 15-17 = no	1078	873	1287	1207	1184	1104
Svíþjóð	008, 15-17 = sw	1060	884	1350	1136	1410	1298
Finnland	008, 15-17 = fi	262	229	323	281	341	324
Færeyjar	008, 15-17 = fa	44	37	42	38	38	33
Bretland	008, 15-17 = xxk	6046	4861	8310	6525	8660	7453
Bandaríki N-Ameríku	008, 15-17 = xxu	7354	6272	10347	8668	9170	8057
Þýskaland	008, 15-17 = gw/ge	2241	1761	1956	1342	2585	1881
Frakkland	008, 15-17 = fr	610	453	747	562	1009	910
Ítalía	008, 15-17 = it	180	146	263	166	284	197
Spánn	008, 15-17 = sp	158	154	254	242	328	240
Rússland	008, 15-17 = ru	194	186	210	191	206	191

Tafla 7:
Færsluveiðar úr erlendum gagnagrunnum

Gagnagrunnur	2009		2008		2007	
	Leit	Niðurhal	Leit	Niðurhal	Leit	Niðurhal
OCLC	9459	4671	18340	10740	17582	9718
Library of Congress		1712				
BIBSYS		144				
Libris		1015				
Linda		105				
Samtals		7647				

Tafla 8:
Söfnunarefni þjóðdeildar Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

	Forsendur	2009	2008	2007
Söfnunarefni þjóðdeildar Lbs-Hbs, gefið út innanlands eða erlendis	039\$c = 1	10733	11748	13043
Efni sem tengist Íslandi / Íslendingum og gefið er út erlendis	039\$f = ix	1648	1693	1474
Prentað erlendis, bækur	039\$a = mx	38	158	196